



Kvartmíluklúbburinn

KVARTMÍLUBRAUT 1

220 Hafnarfirði
Pósthólf 16



08,04,2019

Til Bæjarráðs Hafnarfjarðar

Ágætu fulltrúar.

Kvartmíluklúbburinn vinnur nú að því að koma upp unglíngastarfi á vegum klúbbsins sem samanstendur af rafíþróttum með aksturshermum, Gókartíflum á braut, Motorkrosshjólum í braut, kynning og kennsla á vélbúnaði keppnistækja og öryggiskennslu í samstarfi Ökuskóla3.

Nú þegar stendur Kvartmíluklúbburinn fyrir mótarið í grúppu 3 kappakstri sem fer fram á GT akademíunni á Ármúla. Þetta er gert á aksturshermum og geta allt að 8 verið í einu í brautinni. Þessi móta röð er til Íslandsmeistara undir AKÍS og ÍSÍ.

Við teljum að það sé brýnt að koma upp svona hermunum í félagsaðstöðu KK og að með því skapast tækifæri fyrir verulegan fjölda unglínginga í Hafnarfirði sem hafa ekki áhuga á venjulegum boltaíþróttum. Það er verulega dýrt að sækja þetta sport til GT akademíunnar þar sem 1 klst kostar 6400.

Til þess að það sé hægt að koma þessu af stað þá þarf að fjárfesta í helst 6 bíla hermunum og tveim mótarihjólum hermunum.

Stefnt er á að hefja unglíngastarfið fyrir sumarið. Við áætluðum að við fáum að lágmarki á bilinu 70 til 150 unglínginga á þessu ári ef þetta gengur upp.

Kostnaður við hvern hermir er um 1500 þús og þar með er heildar kostnaður um 12 milljónir.

Með því að fá þessa herma er hægt að blanda saman tölvu leik og raunverulegum akstri á Gókart, öryggisfræðslu og Motorkross fyrir mótarihjólum menn. Við teljum með því að bland þessu saman að þá verði þetta verkleg hreyfing og hermaakstur.

Við óskum hér með eftir fjárstuðningi Hafnarfjarðarbæjar upp á kr 6 milljónir í þetta verkefni til að við getum komið þessu í gang sem fyrst.

Fh. KK.

Ingólfur Arnarson